

Reglugerð um

VINNU BARNA OG UNGLINGA

Reglugerðin tekur til vinnu einstaklings undir 18 ára aldri.



● **Ungmenni**
er einstaklingur
undir 18 ára aldri.

● **Barn**
er einstaklingur
undir 15 ára aldri
eða einstaklingur
í skyldunámi.

● **Unglingur**
er einstaklingur
15 -17 ára og er
ekki í skyldunámi.

Markmið með reglugerðinni eru einkum

- að koma í veg fyrir slys og álagsmeið ungmenna
- að vinna komi ekki niður á menntun þeirra og þroska
- að stuðla að heppilegri atvinnuþátttöku ungmenna

Skyldur atvinnurekenda

Til atvinnurekenda eru gerðar kröfur um að þeir meti áhættu, grípi til öryggisráðstafana, tryggi ungmennum kennslu, kynni hugsanlega hættu fyrir forráðamönnum barna, ungmennunum sjálfum, samstarfsmönnum þeirra og öryggisaðilum fyrirtækisins.




Vinna barna er almennt **bönnuð** nema við **störf af léttara tagi**, talin upp í viðauka 4 í reglugerðinni. Börn yngri en 13 ára er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttá- eða auglýsinga- starfsemi en þá skal afla leyfis Vinnueftirlitsins.



Vinna unglunga er almennt **leyfð** nema við

- **hættuleg tæki og verkefni** (talin upp í viðauka 1)
- **hættuleg efni** (talin upp í viðauka 2)
- **hættuleg störf** (talin upp í viðauka 3)



Byrðar
Almennan reglan:
● börn mega lyfta
8 -10 kg
● unglingar mega
lyfta 12 kg

Vinnutími

Almennar reglur

| | Börn 13 -14 ára | Börn 15 ára í skyldunámi | Unglingar 15 -17 ára |
|-----------------------|---|---|---|
| Á starfstíma skóla | 2 klst. á dag 12 klst. á viku | 2 klst. á dag 12 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku |
| Útan starfstíma skóla | 7 klst. á dag 35 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku |
| Vinna bönnuð | kl. 20-6 | kl. 20-6 | kl. 22-6 |
| Hvíld | 14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku | 14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku | 12 klst. á sólarhring 2 dagar á viku |

Ýmsar undanþágur eru gefnar frá hinum almennu reglum sem sýndar eru á þessu veggspjaldi.

Reglugerðin (nr. 426/1999) fæst hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is